



VINNUSKÓLI SVALBARÐSSTRANDARHREPPS

Skráning í vinnuskóla hefst miðvikudaginn 19. apríl 2023

Skráning í Vinnuskólann hefst miðvikudaginn 19. apríl næstkomandi og lýkur miðvikudaginn 17. maí. Skráning er á vef hreppsins www.svalbardsstrond.is þar sem fram kemur nafn umsækjanda, kennitala, heimilisfang, nafn foreldra, símanúmer og númer bankareiknings.

Boðið er uppá störf fyrir nemendur í 7. bekk (fæðingarár 2010), tvo fyrriparta í viku á þriðjudögum og fimmtudögum. Vinnutími 8.-10. bekkjar er mánud.-fimmtud. 8–16 og 8–12 á föstudögum (fæðingarár 2007–2009). Í skjalinu *Vinnutími sumarið 2023* má sjá hvernig vinnudagar og tímar dreifast yfir sumarið. Hádegishlé er milli klukkan 12 og 13 og fá þau greidd laun fyrir 7 tíma vinnu og vinnudagurinn því 8 tímar með 1 klst. matarhléi.

Vinnuskólinn hefur að leiðarljósi að skapa hollt og uppbyggjandi sumarstarf fyrir unglinga á aldrinum 13 – 16 ára (nemendur sem lokið hafa 7. – 10. bekk). Reynt er að hafa sumarstörf eins fjölbreytt og frekast er unnt, en fyrst og fremst er um að ræða umhverfisverkefni af ýmsum toga s. s. slátt og hirðingu lóða og opinna svæða, hreinsun rusls af vegsvæðum og víðar o.s.frv. Í starfi skólans er leitast við að unglिंगarnir kynnist þeim skyldum, sem því fylgir að taka þátt í atvinnulífi og að gera þá hæfari til starfa á almennum vinnumarkaði. Þeim er kennd notkun þeirra verkfæra, sem nauðsynleg eru og notast við þau verkefni, sem á hverjum tíma er unnið að. Þannig öðlist unglिंगarnir reynslu af verklegum störfum, sem að gagni getur komið síðar meir.

Laun fyrir vinnuskóla falla ekki undir kjarasamninga, en sveitarstjórn ákveður launataxta starfsmanna í vinnuskóla Svalbarðsstrandarhrepps. Mjög mikilvægt er að upplýsingar um banka, höfuðbók og númer reiknings séu réttar (ath. kortanúmer er ekki númer bankareiknings).

Laun sumarið 2023 með orlofi eru á tímann:

- 7. bekkur 827 kr.
- 8. bekkur 1.203 kr.
- 9. bekkur 1.579 kr.
- 10. bekkur 1.955 kr.

Með kveðju

Þórunn Sif Harðardóttir
Sveitarstjóri Svalbarðsstrandarhrepps